



FORELDRAFÉLAG VATNSENDASKÓLA FRÉTTABRÉF

FÉSBÓKARSÍÐA

Foreldrafélag Vatnsendaskóla er með fésbókarsíðu sem er lifandi vettvangur fyrir opna og almenna umræðu um málefni Vatnsendaskóla. Þar verða kynntir þeir viðburðir sem eru á döfnni í foreldrarstarfinu hverju sinni. Settu „like“ á [síðuna](#) og vertu með.

BEKKJARFULLTRÚAR

Nú ætti að vera búið að tilnefna bekkjarfulltrúa í hverjum árgangi en mikilvægt er að ganga frá því hið fyrsta. Starf bekkjarfulltrúa felur fyrst og fremst í sér að vera leiðtogar í hópi foreldra í bekknum og stilla saman strengi. Bekkjarfulltrúar eru hvattir til að bæta sér inn á fésbókarsíðuna "[Bekkjarfulltrúar Vatnsendaskóla](#)" sem er samráðsvettvangur allra bekkjarfulltrúa skólans.

SKÓLARÁÐ

Fulltrúar foreldra í skólaráði 2021-2022 eru eftirtaldir aðilar:
Þórey Huld Jónsdóttir og *Jóna M Harðardóttir*. Varamenn eru: *Úlfur Blandon* og *Ragnhildur Helgadóttir*.

HAGUR BARNNA ER HAGUR SAMFÉLAGS

Í hverjum skóla mynda nemendur, kennarar, starfsfólk og foreldrar skólasamfélag sem er hluti af hinu frábæra samfélagi við Vatnsenda. Börnin okkar eru umvafin náttúrunni allt um kring, nágrönnum, skólafélögum og vinum í hverfinu sínu sem er vettvangur leikja þeirra og náms. Þau eru hluti af sögunni og umhverfinu og öðlast fljótt þá tilfinningu sem felst í því að tilheyra samfélagi. Það ætti ávallt að vera ljúf tilfinning. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir og sýnilegir í skólasterfi er það ómetanlegt stuðningsnet sem getur stuðlað að bættum námsárangri og haft jákvæð áhrif á líðan nemenda. Aukin vellíðan barna skilar þeim sterkari og hæfari út í samfélagið öllum til heilla.

Ný stjórn foreldrafélags Vatnsendaskóla ætlar að leggja sitt af mörkum að bæta hag nemenda m.a. með því að standa fyrir fræðslu og viðburðum. Við óskum eftir samstarfi og öflugri þátttöku foreldra og nemenda í þeim viðburðum sem framundan eru því hagur barna er hagur samfélags.

Kveðjur frá stjórn foreldrafélagsins 2021-2022:

Ragnhildur Helgadóttir, formaður

Eiríkur Magnús Jónsson, gjaldkeri

Jóhanna María Kristjánsdóttir, ritari

Elín Sigurðardóttir

Þórey Huld Jónsdóttir

Jóna M. Harðardóttir

VIÐBURÐADAGSKRÁ FORELDRAFÉLAGS*

Haustönn

- Október: *Hrekkjavaka – Yngsta stig*
- Nóvember: *Fræðsla fyrir foreldra*
- Nóv/Des: *Jólagleði og laufbrauðsgerð*
- Desember: *Ball í samvinnu við 10. bekk og Dimmu – Elsta stig*

Vorönn

- Febrúar: *Öskudagsgleði*
- Mars: *Ball - Miðstig*
- Mars: *Skíðadagur*
- Apríl: *Fræðsla fyrir foreldra*
- Apríl: *Páskabingó*
- Mái: *Hjóladagur*
- Júní: *Vorhátíð*

* Birt með fyrirvara um breytingar